

Oktober productions ehf.
Fiskislóð 75
101 Reykjavík

Reykjavík 19. janúar 2018
UST201712-216/I.M.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi við Gullfoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Oktober productions ehf., fyrir hönd Unité de Production de Paris, dagsett 29. desember 2017, um leyfi til kvikmyndatöku við Gullfoss, þriðjudaginn 23. janúar 2018.

Gullfoss, ásamt næsta nágrenni vestan Hvítár, er friðlýst sem friðland, sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku við Gullfoss, þriðjudaginn 23. janúar 2018. Um er að ræða annars vegar myndatöku frá efri útsýnispalli og hins vegar frá hliðinu að göngustígnum við fossinn. Munu tökurnar taka fjórar klukkustundir samanlagt en gert er ráð fyrir að hvor hluti verkefnisins taki um 20-40 mínútur. Tólf starfsmenn munu koma að verkefninu. Takmarka þarf umferð gangandi gesta á meðan tókum stendur bæði á efri útsýnispallinum og loka þarf tímabundið neðri göngustígnum frá hliði og að fossinum þar sem tveir einstaklingar munu ganga. Einnig er sótt um að leyfi fyrir þrjá menn til að fara út fyrir göngustíg til að fara af efri útsýnispalli niður á þann neðri við fossinn. Ekki er þörf á að setja upp nokkurn búnað né leikmuni fyrir kvikmyndatökurnar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á svæðinu. Framkvæmdin mun valda tímabundinni truflun á upplifun gesta á svæðinu þar sem mikill fjöldi ferðamann er á svæðinu dag hvern.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leiti leyfi fyrir kvikmyndatökum við Gullfoss, þann 23. janúar 2018, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar eins fljótt og auðið er.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal tryggja að það valdi ekki gróðuskemmdum og fara eftir leiðbeiningum landvarða. Ekki skal farið inn á gróðursvæði þar sem umgangur er líklegur til að valda skemmdum
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að tókum loknum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið, forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt og að vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Takamarka skal þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til upplifun annara gesta á svæðinu.
- Starfsmenn verkefnisins skulu vera til staðar við Gullfoss á meðan á tókunum stendur og upplýsa gesti um lokanir vegna kvikmyndatökunnar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun bendir á að minnstur fjöldi gesta er í birtingu og seinni partinn.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir kvikmyndagerð á friðlýstum svæðum er 52.600 kr. sbr. 24. gr. b. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Valdimar Kristjánsson
Sérfræðingur